



50. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 15. mars 2023 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Þórunn Sif Harðardóttir boðaði forföll.

1. [Ársreikningur 2022](#)

Ársreikningur SSNE 2022 er kominn úr endurskoðun. Tap varð á rekstri síðasta árs, einkum vegna aukinnar þyngdar lífeyrisskuldbindinga en einnig vegna ófyrirséðs kostnaðar vegna starfsmannabreytinga. Rögvaldur Guðmundsson verkefnastjóri SSNE og Níels Guðmundsson endurskoðandi mætti

Stjórn staðfestir ársreikning 2022 og leggur til við ársþing að tap ársins verði tekið af eigið fé.

2. **Skipan í stjórn Fjölsmiðjunnar**

Ársfundur Fjölsmiðjunnar verður haldinn 28. mars n.k. í mötuneyti Fjölsmiðjunnar Furuvöllum 13, kl. 15.00. Stjórn SSNE hafði áður samþykkt að skipa fulltrúa í stjórn Fjölsmiðjunnar.

Stjórn samþykkir að skipa Gunnar Mát Gunnarsson í stjórn Fjölsmiðjunnar.

3. [Ársþing 2023](#)

Lögð fram drög að dagskrá ársþings SSNE sem haldið verður 14.-15. apríl næstkomandi.

Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra að senda þau út ásamt formlegu boði til ársþings SSNE.

4. **Stjórn skiptir með sér verkum**

Stjórn felur Helenu Eydísi Ingólfssdóttur að taka við sem varaformaður stjórnar.

5. [Breytingar á samþykktum SSNE](#)

Rætt um tillögur til breytinga á samþykktum SSNE.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur og felur framkvæmdastjóra að senda þær út með gögnum þingsins.

6. [Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs](#)

Lögð fram samantekt á aðgerðum úr tillögu að svæðisáætlun um meðhöndlun

úrgangs á Norðurlandi. Rætt um hlutverk SSNE í framhaldinu. Smári Jónas Lúðvíksson verkefnastjóri mætti fundinn undir þessum lið.
Stjórn þakkar Smára fyrir kynninguna.

7. Mál til umsagnar

- a. [Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða opinbert eftirlit Matvælastofnunar \(samræming gjaldtökuheimilda\).](#)
- b. [Frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu \(úrbætur á póstmargaði\).](#)
- c. [Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 \(viðbótarkostnaður\).](#)
- d. [Frumvarp til laga um umferðarlög \(lækkun hámarkshraða\), 162. mál.](#)
- e. [Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir \(sameining Vinnumálastofnunar og Fjölmenningarseturs, þjónustustöðvar\), 782. mál.](#)
- f. [Tillaga til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsuástands í íslenska löggjöf, 25. mál.](#)

Þróstur Friðfinnson vék af fundi kl. 15.01.

8. Mál til kynningar

- a. [Fundargerð 91. stjórnar SSSNV frá 7. mars 2023.](#)

9. Önnur mál

- a. *Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.*

Sigurður Þór Guðmundsson vék af fundi kl. 15.20.

Fundi slitið kl. 15.25.